

## REGLUR

### um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa.

#### 1. gr.

Hárgreiðslu- og rakarastofum er gert að hafa uppi við inngöngudyr skýrar verðskrár með verði á algengustu þjónustu sem í boði er.

Einnig skulu stofurnar hafa uppi verðskrár við greiðslukassa eða á öðrum áberandi stað með verði á allri þeirri þjónustu sem þær veita.

#### 2. gr.

Uppgefið verð á þjónustu í verðskrár skal innifela efni og annað sem er notað hverju sinni.

Uppgefið verð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við verðið þarf að taka það sérstaklega fram.

#### 3. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

#### 4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Verðlagsstofnunar nr. 13/1984, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

*Samkeppnisstofnun, 4. október 1994.*

**Georg Ólafsson.**

Kristín Færseth.

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi með áorðnum breytingum sbr. reglugerð nr. 157/1992 og reglugerð nr. 240/1993.

#### 1. gr.

Í upptalningu iðngreina í 3. gr. skal setja heitið *hársnyrtið* í stað orðsins *hársnyrting*.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 57/1988 sbr. breytingar með lögum nr. 107/1988, lögum nr. 74/1989 og lögum nr. 83/1993. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 25. október 1994.*

**Ólafur G. Einarsson.**

Guðríður Sigurðardóttir.